

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 10.000
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr. 12.500
Bráðabirgðaleyfi	kr. 3.000

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 7.000
-------------	-----------

4. gr.

Greiðslur vegna trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr. 7.700
Önnur afhending hunds	kr. 15.400
Þriðja afhending hunds	kr. 23.100
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr. 18.400

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ nr. 1206/2005.

Ísafjarðarbæ, 2. janúar 2007.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2007